



Þórdís Anna Baldursdóttir
Forvörður MA
forvarslan@gmail.com

FORVÖRSLUSKÝRSLA

Eigandi: Byggðasafnið í Skógum
Kennitala: 700655-0169
Heimilisfang: Safnavegur 1, Skógum, 861 Hvolsvöllur
Tengiliður: Andri Guðmundsson, safnstjóri

Sjóbrók

Safnúmer: **R-2954**

Uppruni: Sjóbrók saumuð af Jóni Runólfssyni á Hárlaugsstöðum, föður gefanda Erlends Jónssonar.

Lýsing: Sjóbrók, skinnið sniðið til og saumað saman, eldri viðgerð með trétöppum í 4 götum.

Stærð: 1080 x 300 mm (flatar, samanbrotnar) sóli lengd 262 mm, strengur ummál 960 mm

Litir: Brúnn, ljósbrúnn.

Tækni: Skinnsaumur, fatasaumur

Efni: Skinn, viður, bómull

Ástand fyrir meðferð:

Sjóbrókin hafði verið lengi á grunnsýningu þar sem hún hékk í snúru við vegg. Sjóminjar sem sýndar voru á veggnum voru óaðgengilegar og ekki hægt að hreinsa safngripinn nema taka hann niður af veggnum.

Buxurnar voru mjög rykugar, sérstaklega í fellingum og brotum, hvít óhreinindi má sjá í leðrinu.

Safngripurinn er aflagaður og mjög flatur, skarpt brot er í buxunum og hvorri skálm fyrir sig, mikið er um krumpur og fellingar í efninu. Sprungur nálægt sóla 64 mm og 42 mm, 1 trétappi er brotinn.



Sjóbrók R-2954 fyrir forvörslu.



Eldri viðgerð með trétöppum.



Skörp brot í skinni og mikið ryk í krumpum fyrir forvörslu.

Meðferð:

Sjóbrókin var ljósmynduð fyrir og eftir forvörslu.

Safngripurinn var yfirborðshreinsaður, vandlega, með mjúkum bursta og vægri sugun til að fjarlægja ryk og önnur laus óhreinindi.

Upphengi var styrkt með bómullarþræði.

Ástand eftir meðferð:

Sjóbrókin er mun hreinni, áberandi ryk og önnur óhreinindi hafa verið fjarlægð.

Upphengi var styrkt fyrir áframhaldandi sýningu gripsins með öðrum sjóminjum á safninu.



Sjóbrók R-2954 eftir forvörslu.

10/12/2022

Þórdís Anna Baldursdóttir
Forvörður MA
Textíl og fyrirbyggjandi forvarsla
Conservator MA
Textile & Preventive Conservation
Sími: + 354 846 2534
forvarslan@gmail.com